

Verðtilfærslusjóður SAM 2012

Rekstur og starfsemi verðtilfærslu milli mjólkurvara er tvískipt. Annars vegar er lögbundin verðtilfærsla samkvæmt lögum nr. 99/1993 og hins vegar verðtilfærsla SAM. Lögbundin verðtilfærsla er í forsjá Bændasamtakanna og er gerður sérstakur ársreikningur vegna hennar. Framkvæmd og fjárreiður lögbundins verðtilfærslusjóðs er í höndum SAM samkvæmt verkaskiptasamningi sem gerður var milli BÍ og SAM, en sú ráðstöfun byggir á heimildum laga. Verðtilfærsla SAM er hins vegar í forsjá SAM og því með í ársreikningi SAM og er fjallað nánar um hana hér.

Í verðtilfærslusjóð SAM eru innheimt vörutengd gjöld af sýrðum vörum (jógúrt og skyldum vörum), rjóma, sérostum og nýmjólkurdufti. Greitt var úr sjóðnum vegna sölu á nýmjólk, skólaléttmjólk, iðnaðarrjóma, skyri, smjörva, léttviðbiti, mögrum ostum (Gouda 17%, Mozzarella og Gouda 11%), iðnaðarmjólkurdufti, undanrennufti og kálfafóðri.

Eftirfarandi er yfirlit yfir inn- og útgreiðslur úr verðtilfærslusjóði SAM árin 2012 og 2011:

	2012	%	2011	%
Inngreiðslur:				
Yfirfært frá fyrra ári	23.690.945	7,9%	38.206.085	12,2%
Innheimt verðtilfærsla	277.442.428	92,1%	273.567.835	87,8%
Samtals til ráðstöfunar	301.133.373	100,0%	311.773.920	100,0%
Útgreiðslur:				
Greidd verðtilfærsla til afurðastöðva	106.409.072	40,0%	106.073.521	36,8%
Niðurgreiðsla iðnaðardufts	143.159.255	49,7%	153.969.616	53,5%
Niðurgreiðsla iðnaðarrjóma	25.436.781	8,8%	23.923.556	8,3%
Annað	4.161.635	1,4%	4.116.283	1,4%
Samtals ráðstafað	279.166.743	100,0%	288.082.975	100,0%
Afgangur fært til næsta árs	21.966.630		23.690.945	

Velta verðtilfærslusjóðs SAM var nokkuð meiri árið 2012 en árið 2011 vegna meiri sölu á vörum sem greiða til sjóðsins, einkum rjóma, mygluosta og skyrs. Útgjöld sjóðsins voru um 1,7 milljónum króna hærrí en tekjur hans. Inneign sjóðsins hjá SAM í lok árs 2012 var 13 milljónir króna. Mörg undanfarin ár hefur minna verið greitt til sjóðsins, en greitt hefur verið úr honum. Í sjóðnum eru nú um 22 milljónir króna sem SAM varðveitir.